

Til: Fjárlaganefndar

Frá: Samtökum atvinnulífsins og Samtökum ferðapjónustunnar

Dags.: 03.06.2021

Efni: Fjáraukalög – Horfur á vinnumarkaði


Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök ferðapjónustunnar (SAF) taka eftirfarandi til umfjöllunar að beiðni fjárlaganefndar sbr. tölvupóstur frá nefndarritara:

„Allar stærstu fjárheimildirnar sem óskað er eftir í frumvarpi til fjáraukalaga 2021 tengjast vinnumarkaðsúrræðum stjórnvalda og í því sambandi hefur þess verið óskað að kanna hjá SA hvort fulltrúar samtakanna taki **saman minnisblað um skoðanir SA á horfum á vinnumarkaði á næstu mánuðum eða misserum.**“

Horfur á vinnumarkaði

Almennt atvinnuleysi virðist hafa náð hámarki í janúar á þessu ári eftir samfellda aukningu frá því faraldurinn hófst. Viðsnúningurinn hófst á sama tíma og merkja mátti aukna bjartsýni í efnahagslífinu vegna góðs framgangs í bóluefnamálum og aukins fyrirsjáanleika varðandi efnahagsaðgerðir yfirvalda og fyrirkomulag sóttvarna á landamærum¹, sem var lykilatriði varðandi áætlanagerð fyrirtækja og ráðningar starfsfólks. Viðsnúningurinn er vitnisburður um mikilvægi fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja en erfitt er að ráða fólk til starfa þegar öll áætlanagerð er í algeru uppnámi eins og gefur að skilja.

Atvinnuleysi
maí 2020 til apríl 2021




Heimild: Vinnuálagstofnun

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/01/15/Fyrirkomulag-sottvarna-a-landamaerum-fra-1.-mai/>

Samkvæmt könnun Gallup fyrir SA og Seðlabanka Íslands á 400 stærstu fyrirtækjum landsins er þessi þróun líkleg til að halda áfram en merkja má aukinn vilja til ráðninga. Í apríl á þessu ári sáu einn af hverjum fjórum atvinnurekendum fram á að fjölga starfsfólki á næstu 6 mánuðum á meðan tæp 15% sáu fram á að fækka nokkuð. Fleiri en færri sjá því fram á ráðningar á ný, sem er viðsnúningur frá fyrri könnunum í kjölfar Covid. Framvinda bólusetninga hefur hér að líkindum mikil áhrif.

Ráðningarhorfur 400 stærstu fyrirtækja landsins í apríl 2021
Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu muni fjölga, standa í stað eða fækka á næstu 6 mánuðum?

Fækka nokkuð Fjölga nokkuð
Standa í stað Fjölga mjög mikið




Heimild: Gallup



Vinumarkaðsúrræði hafa almennt nýst fyrirtækjum vel

Atvinnurekendur hafa á heildina litið verið sáttir við efnahagsaðgerðir stjórnvalda eins og kannanir SA hafa gefið til kynna. Aðgerðir á borð við hlutastarfaleiðina og stuðningur launa á uppsagnarfresti hafa þar skipt sköpum og óhætt er að segja að þær hafi átt sinn þátt í að takmarka gjaldþrot fyrirtækja á umliðnu ári, en þau voru talsvert færri en vænta mátti í upphafi faraldurs.

Gagnsemi aðgerða stjórnvalda sem kynntar voru í mars 2020
Hluti fyrirtækja sem telur aðgerðir hafa komið að miklu eða einhverju gagni




Heimild: Könnun Maskínu í febrúar 2021



Eftirspurn eftir ráðningarstyrkjum hefur verið nokkuð mikil að undanförunu. Ríflega 9.700 störf höfðu verið skráð í átakið *Hefjum störf*² þann 3. júní, flest tengd ferðaþjónustu, en á sama tíma hafði einungis tekist að ráða í um 2.700 störf í gegnum átakið. Þrátt fyrir sögulegt atvinnuleysi virðist því ganga treglega að ráða fólk af atvinnuleysisráði.

Fjöldi atvinnuleitenda hefur hafnað störfum samkvæmt atvinnurekendum víðs vegar um land eða með öðrum hætti sýnt áhugaleysi á störfum. Hafa atvinnurekendur í einhverjum tilfellum tilkynnt um atvikin og viðkomandi atvinnuleitendur verið felldir af atvinnuleysisráði. Þetta virðist vera almennur vandi og fjölmörg dæmi frá atvinnurekendum þess efnis, til SA og SAF sem og í fjölmiðlum. SA og SAF hvetja til þess að tilkynnt sé um slík atvik.


Fjöldi starfa í boði í átakanu *Hefjum störf* eftir atvinnugreinum
Frá 1. mars 2021 til 3. júní 2021



Heimild: Vinnumálastofnun



Fjöldi nýrra starfa sem auglýst voru hjá vinnumiðlun Vinnumálastofnunar
Eftir mánuðum, janúar 2020 til apríl 2021



Heimild: Vinnumálastofnun



² <https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord-hefjum-storf>

Misbrestur á framkvæmd

Atvinnurekendur hafa einnig vakið athygli á því að ráðningarstyrkjaferlið sé seinvirkt. Þá hafa fjölmörg fyrirtæki boðið starfsfólki í viðtal í gegnum átakið sem reynist svo vera farið af atvinnuleysisráð, t.d. vegna þess að það hefur ráðið sig annað. Þetta hefur tafir í för með sér. Þá hafa einhver fyrirtæki ráðið inn starfsmenn í gegnum átakið en fengið synjun eftir á frá Vinnuálastofnun þar sem stofnunin hafði ekki tryggt frá upphafi að starfsmenn uppfylltu skilyrði ráðningarstyrks. Þetta getur valdið fyrirtækjum tjóni og umræddum starfsmönnum óþægindum og e.t.v. uppsögn. Verkferlum hjá Vinnuálastofnun er snúa að átakinu Hefjum störf virðist því vera ábótavant, sem skerðir verulega virkni úrræðisins.


Mikilvægt hagsmunamál fyrir atvinnulífið er að tekið sé af festu á þeim hópi sem hafnar störfum og að Vinnuálastofnun efli hjá sér verkferla þannig að ráðningarstyrkjaferlið geti gengið smurt fyrir sig.

Hanna þarf úrræði með tilliti til hvata og skilvirkni

Hafa ber í huga að atvinnuleysistryggingar hér á landi eru með þeim rausnarlegustu sem þekkjast á heimsvísu og minni hvati er til að snúa aftur til starfa hér á landi en víðast hvar annars staðar, bæði vegna mikilla bóta og mikillar skattbyrði. Úrræði yfirvalda vegna faraldursins, svo sem hækkun bóta og lenging bótatímabils, mega ekki hafa í för með sér varanlega neikvæðar afleiðingar á vinnumarkað, en spár gera þegar ráð fyrir að atvinnuleysi verði meira og þrálátara en gert var ráð fyrir áður en faraldurinn skall á. Gæta þarf þess að úrræði séu hönnuð þannig að þau feli ekki í sér óæskilega hvata með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð og samfélagið.


Atvinnuleysisbætur sem hlutfall af fyrri tekjum árið 2020

Eftir tvo mánuði á atvinnuleysisráð, m.v. bamlausan einstakling sem hafði 67% af meðaltekjum fyrir atvinnumissi



Gögn fyrir Ástralíu, Kanada, Sviss, Ísrael, Suður-Kóreu, Nýja-Sjáland og Tyrkland eru frá 2019.
Heimild: OECD

Hlutur tekna sem tapast í hæri sköttum eða lægri bótum við ráðningu af atvinnuleysissskrá
Eftir tvo mánuði á atvinnuleysissskrá, m.v. einstakling með tvö börn og maka sem hefur 67% af meðaltekjum



Horfur í ferðabjónustu

Ferðabjónusta er að komast fyrir af stað en horfur gáfu til kynna fyrir um tveimur til þremur mánuðum. Ástæðan er fyrst og fremst ákvörðun um að veita bólusettingu ferðamönnum frá ríkjum utan Schengen inngöngu inn í landið, en einkum Bandaríkjamarkaður hefur tekið við sér vegna þessara breytinga. Evrópumarkaður fer hægar af stað og virðist nær því sem búast mátti við.

Ekki eru horfur á að evrópskir ferðamenn muni sækja landið heim að ráði fyrir en í ágúst/september. Því er enn flókið að meta bókunarstöðuna fram undan. Töluvert mikið er um bókanir í ágúst og september, sem erfitt er að meta hvort muni að endingu skila sér. Þar má nefna hópabókanir og bókanir á vegum ferðaskrifstofa, sem og bókanir sem voru færðar frá fyrra ári. Afbókunarfrestir hafa verið styttnir niður í um tvær vikur sem minnkar fyrirsjáanleikann og torveldar mat á bókunum.

Mishröð þróun á ferðavilja á mörkuðum sitt hvoru megin hafsins gerir það að verkum að fyrirtæki eru í afar ólíkri stöðu. Fyrirtæki með tengsl og reynslu á Bandaríkjamarkaði eru með forskot á meðan fyrirtæki sem vinna á Evrópumarkaði eru enn umlukin mikilli óvissu. Einnig verður allt sem tengist hópferðum mun seinna í gang en hjá þeim sem þjónusta ferðamenn á eigin vegum (sem eru t.d. flestir Bandaríkjamennirnir sem eru að koma núna.)

Þýðing stöðu ferðabjónustu fyrir vinnumarkað

Fyrir vinnumarkað þýðir þetta að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að öll ferðabjónustufyrirtæki geti ráðið fólk hratt þótt ferðamenn séu byrjaðir að birtast í Leifsstöð. Það ræðst mjög af aðstæðum á hverjum markaði fyrir sig sem og ýmsum öðrum óvissuþáttum.

Nú lítur út fyrir að spár um 700-800 þús ferðamenn á árinu gætu hugsanlega ræst. Það byggir þó á því að Evrópumarkaðir taki vel við sér í ágúst og september. Til að spárnar raungerist þurfa ágúst og september að vera með allra hagfelldasta móti – ljóst er að fjöldinn í október og nóvember mun verða talsvert minni en ágúst og september.

Frekari tillögur SA varðandi atvinnusköpun í kjölfar faraldurs má finna á síðunni: [Höldum áfram](#)

Frekari tillögur SAF varðandi viðspyrnu ferðaþjónustu til 2025 má finna á: [vidspyrnan.is](#)

Virðingarfyllst,



Anna Hrefna Ingimundardóttir

Forstöðumaður efnahagssviðs SA



Jóhannes Þór Skúlason

Framkvæmdastjóri SAF